



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Þórður Már Sigfússon
skipulagsfulltrúi
Miðbraut 11
370 Búðardalur

Þriðjudagur, 3. ágúst 2021
MÍ202108-0003/ 6.09 / M.A.S.

Minjavörður Vesturlands
Hafnargata 3 340
Stykkishólmur (354) 570 13
12 (354) 895 18 80
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Efni: Dalabyggð. Haukabrekka í Stóra-Langadal - Deiliskipulag

Með tölvupósti, dagsettum 22. júní 2021 óskaði Þórður Már Sigfússon, skipulagsfulltrúi Dalabyggðar, eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um tillögu að deiliskipulagi sem nær til hluta Haukabrekku í Stóra-Langadal. Ein tóft hafði verið skráð á skipulagsvæðinu. Undirritaður skoðaði svæðið á vettvangi 31. júlí sl. Nokkrir minjastaðir fundust við vettvangsathugun sem voru mældir upp og skráðir. Minjastofnun Íslands gerir kröfu um að þessir minjastaðir ásamt 15m verndarsvæði verði settir inná deiliskipulagsupphráttinn ásamt ákvæði um að þessum minjum megi ekki raska.

Einnig vill Minjastofnun Íslands minna á ákvæði 21. greinar laga um menningarminjar nr. 80/2012, en þar segir:

Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands....

Rétt er einnig að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. sömu en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonnnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,

Magnús A Sigurðsson
Minjavörður Vesturlands

Afrit sent: Skipulagsstofnun

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Magnús A Sigurðsson
Minjavörður
magnus@minjastofnun.is